

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 36 ? 17.08. 2004

Þriðjudaginn 17. ágúst, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 14.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Ingimar Ingimarsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð

DAGSKRÁ:

1. Undirbúningur fyrir aðalfund Skagafjarðarveitna ehf.
2. Samningar við landeigendur vegna borunar við Kýrholt.
3. Bréf frá Bjarna Jónssyni forst.manni Norðurl.deildar Veiðimálastofnunar.
4. Önnur mál.
 1. Stuðningur við Verknámsdeildir Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Farið yfir undirbúning fyrir komandi aðalfundi.
2. Fyrir lágu drög samningi sem gerð eru af Kristjáni Jónassyni hjá KPMG Endurskoðun á Sauðárkróki við landeigendur í Kýrholti vegna borunar þar eftir heitu vatni. Kristján Jónasson mætti á fundinn og gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa orðið samningum frá fyrri drögum. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að Páll Pálsson veitustjóri að kynni landeigendum Kýrhólts samningsdrögin.
3. Lagt fram bréf frá Bjarna Jónssyni forst.manni Norðurl.deildar Veiðimálastofnunar þar sem óskað er eftir stuðningi við fiskifræðiráðstefnu sem haldin verður á Sauðárkróki 17 ? 21 ágúst. Samþykkt að taka á móti ráðstefnugestum í Dælustöðinni í Borgarmýrum.
4. Önnur mál.
 1. Fyrirspurn hefur borist um hvort Skagafjarðarveitur hafi verkefni sem verknámsdeildir FNV geti unnið fyrir Veiturnar. Stjórnin samþykkir að fela verknámsdeildum FNV að smíða dæluhús fyrir Skagafjarðarveitur skv. nánara samkomulagi. Páli Pálssyni falið að kynna byggingaverktökum á Sauðárkróki málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30